

Ræða á Hrafnseyrarhátíð 17. júní 2006

Guðjón Friðriksson

Góðir þjóðhátíðargestir.

Hér fyrir ofan Bælisbrekkuna, dálítið uppi í holtinu, er stór stakur steinn sem heitir Prestssæti. Þar er gott að sitja á góðviðrisdögum og horfa yfir hinn víða og mikla Arnarfjörð, yfir á Skarðanúp, Langanes og hina mikilúðlegu Ketildali. Ekki er að efa að hinn ungi Jón Sigurðsson, prestssonurinn á Hrafnseyri eða Rafnseyri, eins og staðurinn var þá jafnan kallaður, hefur stundum setið á þessum steini og látið hugann reika, látið sig dreyma um hvað framtíðin bæri í skauti sér. Unglingur með svart hár og tindrandi augu, skarpgerður með skæra kinn. En enginn vitnisburður og ekkert bréf er til um hvað hrærst hefur í huga hins unga sveins. Síðan eru liðin hátt í 200 ár sem ekki er langur tími á veraldarinnar mælikvarða.

Ýmislegt er samt vitað hvað Jón hafði fyrir sér. Þó að það sé ekki vitað með vissu er trúlegt að rit Lærdómslistafélagsins, sem gefin voru út á árunum 1780 til 1794 hafi verið til á Hrafnseyrarbænum. Þau voru innblásin af svokölluðum rationalisma, öðru nafni upplýsingarstefnu sem einnig var nefnd fræðslustefna eða skynsemisstefna. Sú stefna var hluti af byltingu náttúruvísindanna sem gjörbreyttu heimsmynd manna á 16., 17. og 18. öld. Meðal helstu brautryðjenda Upplýsingarstefnunnar voru Descartes, John Locke, Robert Newton, Montesquieu og Voltaire. Megininntak hennar var rík trú á mannlega skynsemi sem leiða átti til aukinna framfara, andlegs frelsis, félagslegs réttlætis og mannúðar. Til þess að stuðla að þessu skyldi lögð áhersla á víðtæka fræðslu og menntun. Rit Lærdómslistafélagsins voru gegnsýrð af þessum hugmyndum og voru í daglegu tali kölluð Félagsritin. Það er engin tilviljun að löngu seinna þegar Jón Sigurðsson stofnaði sitt eigið tímarit kallaði hann það Ný félagsrit. Hann leit á tímarit sitt sem beint framhald rita Lærdómslistafélagsins. Rationalisminn eða upplýsingastefnan var í raun það sem mest mótaði líf og stefnu Jóns Sigurðssonar. Hann gekkst rómantikinni aldrei verulega á hönd, var aldrei draumóramaður en miklu frekar skynsemin holdi klædd.

Um 1840 þegar Jón Sigurðsson var búinn að vera um 6 ár í Kaupmannahöfn kastaði hann sér fyrst af alefli út í pólitíkina á miklum umrótstímum í Danmörku. Jón var þá tæplega þrítugur að aldri. Ein af hans fyrstu pólitísku ritgerðum heitir Um skóla á Íslandi. Þar telur hann þrennt mestu varða fyrir framtíð Íslendinga. Í fyrsta lagi endurreisn alþingis, í öðru lagi skólamálið, sem hann kallar svo, og í þriðja lagi verslunarmálið. Alþingi, skóli og verslun. Jón segir í ritgerð sinni að alþingi eigi að glæða þjóðlífið og þjóðarandann, skólinn eigi að tendra hið hið andlega ljós og hið andlega afl og veita alla þá þekkingu sem gera menn hæfa til framkvæmda en verslunin eigi að færa velmegun í landið, auka og bæta atvinnuvegina og efla með því aftur hið andlega sem verði ávísun á enn betri framfarir eftir því sem tímar líði fram. Verslun taldi hann undirstöðu annarra atvinnugreina, þar á meðal sjávarútvegs og landbúnaðar. Áhersluatriði hans voru því lýðræði, menntun og sem frjálsust verslun.

Jón tók sér fyrir hendur að ala Íslendinga upp á nýjan leik, örva þá til dáða, kenna þeim beinlínis vinnubrögðin, ekki síst í verslun, fiskveiðum og landbúnaði. Einnig vildi hann þroska þá með því að kenna þeim fundasköp og ræðumennsku. Það var forsenda þess að þeir gætu tekið þátt í lýðræðislegum stjórnarháttum sem þeir voru á þeim tíma alls óvanir. Hann kenndi þeim að trúa og treysta á sjálfa sig. Það var hans stærsta afrek því fyrir hans daga voru landsmenn þrugaðir af minnimáttarkennd og framtaksleysi. Segja má að Jón Sigurðsson hafi með þessum hætti lagt fyrsta grunninn að nútímasamfélagi á Íslandi.

Við sem lifum nú á 21. öldinni búum við mikla byltingartíma, miklu meiri en við gerum okkur ljóst í erli hversdagsins. Ekki aðeins hefur íslenskt samfélag gjörbreyst á örfáum árum heldur hefur allur heimurinn breyst og er að breytast með ógnarhraða. Ég las nýlega bók eftir amerískan blaðamann við New York Times, Thomas Friedman að nafni. Hún heitir The World is flat: Heimurinn er flatur. Friedman hafði eftir árið 2001 sem blaðamaður einkum einbeitt sér að umfjöllun um hryðjuverkaógnina og stríðið í Írak og eytt mestöllum sínum tíma á ferðalögum í heimi múslíma. Í febrúar 2004 kom hann til Indlands og þá uppgötvaði hann skyndilega að hann hafði sofið af sér gjörbyltingu sem hafði átt sér stað á þremur til fjórum árum án þess að hann tæki eftir. Það sem blaðamaðurinn uppgötvaði var að heimurinn hafði skroppið saman svo að landamæri, lönd og fjölþjóðafyrirtæki skipta í raun og veru miklu minna máli en áður. Hann tók að sér að skilgreina þetta í bókinni The World is flat. Thomas Friedman kallar þetta nýhafna tímabil þriðja stig hnattvæðingar. Með landafundunum um 1500 byrjaði fyrsta stig hnattvæðingarinnar að hans mati og stóð til um 1800. Það einkenndist af því að ríkisstjórnir völdugra landa í Evrópu tóku að beita sér fyrir siglingum um öll heimsins höf, stunda verslun á fjarlægustu stöðum jarðkringlunnar og leggja drög að nýlendum þar. Allt byggðist á nýtingu handafls, hestafls og vindorku. Annað stig hnattvæðingarinnar, að mati Thomas Friedman, náði nokkurn veginn frá aldamótunum 1800 til aldamótanna 2000. Þetta tímabil einkenndist af stórfyrirtækjum, síðar fjölþjóðafyrirtækjum, með umsvifum um allan heim, bæði hvað varðaði markaði og vinnuafl. Þarna voru framan af í fararbroddi hollensk og ensk hlutafélög sem nærðust af iðnbyltingunni. Svo við lítum okkur nær má einnig í þessu sambandi nefna sambærileg dönsk félög eins og Austurindíafélagið. Fyrri hluti þessa tímabils, einkum framan af 19. öld, einkenndist af lækkandi flutningskostnaði vegna uppfinningar gufuaflsins og járnbrauta og seinni hlutinn af lækkandi fjarskiptakostnaði með útbreiðslu ritsíma, talsíma, og loks tölva, gervitungla, ljósleiðara og fyrstu stiga veraldarvefsins á okkar tímum. Allt til loka tímabilsins voru stórfyrirtæki, oftast fjölþjóðleg, sterkasta aflið í efnahagsumhverfinu. Þau voru sjálfum sér nóg um flest, eins konar ríki í ríkinu. Einkenni þriðja stigs hnattvæðingarinnar sem hófst af fullum krafti árið 2000 að mati Thomas Friedman er hið nýfundna tækifæri fyrir hvern einstakling til að vinna hnattrænt saman eða keppa hnattrænt. Það sem gerir einstaklingum og einstökum hópum nú kleift að vinna hnattrænt eru ekki hestöfl og ekki rafeindabúnaður heldur hugbúnaður. Og við erum öll orðin næstu nágrannar hvað þetta varðar hvar sem við búum í heiminum og ekki lengur háð stórfyrirtækjum á sama hátt og áður. Samkvæmt þessu byggðist fyrsta stig alþjóðavæðingar á ríkisstjórnnum einstakra landa, annað einkum á fjölþjóðafyrirtækjum, hið þriðja, sem nú er hafið, á einstaklingnum. Thomas

Fridman segir fjölþjóðafyrirtækin hafa brugðist við þessari þróun með því ganga til margvíslegs samstarfs og/eða samruna við önnur fyrirtæki, hópa eða einstaklinga og sé orðin allt annars eðlis en áður. Þau eru ekki lengur sjálfbær enda gengur það ekki lengur þar sem hugmyndirnar fljúga með ógnarhraða milli snjallra einstaklinga á netinu og þessir einstaklingar þurfa ekki endilega að vera háðir stórfyrirtækjunum.

Einstaklingar, hópar eða fyrirtæki í hvaða landi sem er geta nú keppt á jafnræðisgrundvelli eða unnið saman hvar sem þeir eru staddir í heiminum og án þess að hittast nokkurn tíma öðru vísi en á veraldarvefnum. Hægt er að búa til teiknimynd eða sjónvarpsþátt með samvinnu fjölmargra aðila sem eru staðsettir hver á sínu heimshorni. Og það er óspart gert. Talað er um open-sourcing, out-sourcing, offshoring, supply-chaining og insourcing. Flest eru þetta ný orð og hugtök sem ég veit ekki hvort hafa verið þýdd öll á íslensku. Frægustu dæmin um outsourcing, eða úthýsingu, eins og það hefur verið nefnt á íslensku, eru þegar heilu verkþættirnir, t.d. í bandarískum fyrirtækjum og stofnunum eru fluttir til Bangalore á Indlandi en þar er nú kísildalur þeirra Indverja. Þannig eru nú um hálf milljón bandarískra skattaframtala unnin á Indlandi án þess að viðkomandi framteljendur hafi endilega hugmynd um það. Þeir láta einungis bandarískar lögfræði- eða endurkoðunarstofur annast framtölin en þær úthýsa eða outsourca þær í gegnum alþjóðavefinn til Indlands þar sem heill her Indverja hefur sérhæft sig í bandarískri skattalöggjöf og vinnur framtölin bæði hratt og vel. Allt fer í gegnum netið. Sama er að segja um sjúkdómsgreiningar með röntgenmyndum. Bandarísk sjúkrahús senda að kvöldi til slíkar myndir til greiningar á Indlandi en þar er þá á sama tíma dagur að byrja. Að morgni næsta dags í Bandaríkjunum geta bandarískir læknar gengið að greiningunni vísri í tölvu sinni. Uppskurðir fara jafnvel fram með samvinnu lækna á mörgum stöðum samtímis. Margs konar hversdagsleg símaþjónusta í Bandaríkjunum kemur í raun frá Indlandi. Indverjar hafa meira að segja sérhæft sig í hinum ýmsu bandarískum mállýskum svo að allt líti eðlilega út. Ef bandarísk kona eða karl eiga í erfiðleikum með uppþvottavélina á heimilinu eða tölvan hefur hrunið, hringja þau í þjónustusíma og er svarað frá Indlandi, án þess að þau veiti því sérstaka athygli, og fá leiðbeiningar um hvað eigi að gera eða hvert eigi að snúa sér.

Búseta er nú ekki lengur hindrun fyrir því að fólk geti fengið allar upplýsingar um hvaðeina sem hugsast getur og með afar ódýrum hætti. Í fátækum löndum í Afríku, Asíu eða Suður-Ameríku þarf bókaskortur ekki lengur að vera hindrun fyrir því að fólk afli sér menntunar, upplýsingar eða komi sér í samband við aðra sem eru að fást við sömu hluti og þeir. Ekki heldur það að fólk hafi ekki efni á að ferðast. Aðgangur að tölvu með alþjóðavefnum er það eina sem þarf. Allir, hvar sem þeir búa á heimskringlunni, hafa aðgang að nákvæmlega sömu upplýsingunum í gegnum tölvuna. Og það er ógrynni upplýsinga. Þeir geta skipst á upplýsingum, bætt hvern annan upp og unnið að nýjum uppfinningum. Snillingar í Kongó, Kína og Kópavogi geta borið saman bækur sínar hvenær sem þeim þóknast. Engin netlögregla getur hindrað þá og ekki heldur stórfyrirtækin sem áður vildu einoka þekkingu og framleiðslu. Flæðið er frjálst svo fremi sem fólk fær að eiga tölvu og er læst. Þess vegna er heimurinn allt í einu orðinn eitt lítið heimsþorp eða flatur eins og Thomas Friedman orðar það. Þannig hefur

einstaklingurinn möguleika á að njóta sín í því sem hann er bestur án tillits til hvar hann býr. Það er mikil breyting frá því sem áður var.

Hvers vegna er ég að tala um þetta hérna í sambandi við Jón Sigurðsson? Það er vegna þess að hans forgangsmál hans frá um 1840 eiga enn að vera forgangsmál okkar. Áhersla hans á alþingi er spurningin um lýðræði sem er forsenda þess að einstaklingurinn geti notið sín, talað við aðra og haft óheftan aðgang að upplýsingum. Áhersla Jóns á skóla eða menntun er enn efst á baugi. Aldrei er okkur ljósar, sem nú lifum, að allar framfarir búa í mannum sjálfum og hugviti hans. Það er okkar langverðmætasta orkulind ef hún er virkjuð. Til þess þarf menntun og aftur menntun. Hin nýja staða í heiminum þar sem einstaklingurinn er í fyrirrúmi en búseta skiptir litlu máli hlýtur að skapa þeim sem búa í dreifbýli, t.d. Vestfirðingum, alveg nýja möguleika ef þeir kunna að notfæra sér þá. Þess vegna eiga Vestfirðingar, og þeir sem búa við svipaðar aðstæður, nú að leggja ofurkapp á menntun, allt frá leikskólum og upp í háskóla. Menntun eru lykill að nútímanum, blómlegu atvinnulífi og velsæld. Ríkustu og farsælustu samfélög í heimi eru þau sem eru vel menntuð, hafa hátt þjónustustig og þar sem lýðræðislegir og opnir stjórnarhættir ýta undir sköpun.

Vestfirðingar telja löngum að þeir hafi orðið nokkuð útundan í hinum öru breytingum sem hafa orðið á Íslandi á síðustu árum. Þar hefur fólki fækkað jafnt og þétt. Oft hefur verið um kennt samgönguleysi og félagslegri einangrun. Stundum er Reykjavíkurvaldið eða miðstýring frá Reykjavík talin orsök. Margir Íslendingar á 19. öld kenndu Kaupmannahafnarvaldinu eða Dönnum um ófarir sínar. En sjálfs er höndin hollust. Nú þegar heimurinn er orðinn eins og eitt þorp, hljóta að opnast tækifæri fyrir Vestfirðinga, rétt eins og fólk annars staðar. Miðlæg samþjöppuð valda- og tæknisvæði eru á undanhaldi. Tækifærin eru óteljandi og bíða eftir þeim sem vilja grípa þau. Sá sem teiknar hús eða hannar forrit fyrir tölvu getur gert það einn eða í samstarfi við aðra, þess vegna hinum megin á hnettinum, hvar sem hann er staddur í veröldinni. Hann hefur allt til þess; tæki, upplýsingar og aðgang að öðru fólki og þarf ekki að spyrja neinn um leyfi. Hann getur verið á Rauðasandi, Inggjaldsandi eða Hólmavík en félagi hans í Kualalumbur, Nýju Dehli eða Jóhannesarborg. Og ef hann lendir í ógöngum getur hann spurt Lio Shou í Kína eða mr. Jones í Silicon Valley í Kaliforníu. Hann getur líka tekið að sér verkefni fyrir þessa aðila og fengið borgað umsvifalaust í gegnum netið. Eða selt fisk, ferðir á Látrabjarg, bókhald, uppfinningu eða listaverk.

Það hefur verið of mikil lenska hér í dreifbýlinu að biðja um allt að sunnan, biðja og bíða. Bíða eftir ákvörðunum Byggðastofnunar, sjóðsstjóra eða alþingis, bíða eftir að alþingismaðurinn bjargi málunum. Þannig voru Íslendingar allir áður en sjálfstæðisbaráttan hófst, eilíf bænaskjöl til kóngsins. Jón Sigurðsson kenndi þeim að treysta á sjálfan sig, taka málin í eigin hendur. Og þannig eiga Vestfirðingar að fara að. Góðar hugmyndir laða alltaf að sér fjármagn. Og ef eitthvað er nóg til af í heiminum, eru það peningar. Þeir bókstaflega flæða um heiminn og Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þeim. Komið með góða viðskipta- eða atvinnuhugmynd, sýnið fram á arðsemi hennar og bankarnir munu lána. Eða stofnið þess vegna ykkar eigin banka.

Íslenskt efnahagssumhverfi hefur gjörbreyst á undraskömmum tíma. Þetta er fyrst og fremst vegna þess að efnahagslífið hefur verið leyst úr gömlum viðjum reglugerða-, hafta- og skattafargans og pólitískrar spillingar. Við eigum opna markaðshlutdeild í Evrópulöndum og raunar víða um heim, gengið er frjálst og bankarnir hafa verið einkavæddir. Ríkisbankafyrirkomulagið, sem hér var áður, bauð upp á ótrúlega flokkspólitíska spillingu sem var mikill dragbítur á allar framfarir. Breytingarnar sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi undanfarin ár eru í anda Jóns Sigurðssonar sem aðhylltist kenningar hinna gömlu evrópsku liberalista, einkum þeirra ensku sem stundum eru kenndir við Manchester. Hið nýfengna frelsi til sköpunar eiga Vestfirðingar að nýta sér eins og aðrir. Íslenskt efnahagslíf hefur þróast frá því að vera fyrst og fremst framleiðsluþjóðfélag, þar sem sjávarútvegur var meginuppistaðan, yfir í fjölbreytt og tæknivætt framleiðslu- og þjónustuhagkerfi þar sem nýjar atvinnugreinar skipa sér til jafns við hinar eldri. Þannig háttar til hjá öllum ríkum þjóðum í heiminum. Hinar nýju atvinnugreinar eru ekki bara margumrædd og umdeild álver heldur ekki síður á sviði hvers konar tækni og vísinda sem er miklu jákvæðara. Þar má nefna hugbúnað, sumt af því hefur átt uppruna sinn hér á Vestfjörðum og hef ég þar Marel í huga, einnig er hægt að nefna lyfjaiðnað t.d. Actavis sem raunar er með stóra verksmiðju í Bangalore á Indlandi, stað sem ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, stoðtæki (Össur hf. er orðinn einna fremstur og stærstur í heiminum á því sviði), líftækni, háþróaða matvælaframleiðslu, fjarskipti og aðra hátækni. Fjármunaeign Íslendinga erlendis hefur aukist eins og línustrik sem vísar til himins, hún fimmfaldaðist á árunum 1998 til 2003 og síðan hefur hraðinn enn aukist. Langmest munar um fjárfestingar fjármálafyrirtækja, eignarhaldsfélaga og hugbúnaðarfyrirtækja. Allt er þetta með ólíkindum og hefði þurft að segja föður mínum, sem var fæddur í torfbæ í vélvana og veglausu landi árið 1897, þrisvar sinnum. Íslendingar eru orðnir ein af alríkustu þjóðum í heimi.

Að mörgu leyti má segja að bakgrunnur þessara breytinga á Íslandi hafi verið menntasprengingin sem varð um og upp úr 1970. Þegar ég varð stúdent árið 1965 lauk aðeins um 10 prósent af hverjum árgangi stúdentsprófi. Nokkrum árum síðar var mennta- og öðrum framhaldsskólum fjölgað gífurlega. Í þeirri bylgu kom m.a. Menntaskólinn á Ísafirði. Námslánakerfið gerði síðan hverjum sem vildi og hafði hæfileika til kleift að stunda háskólanám heima eða erlendis. Nú spretta háskólar eða vísar að háskólum upp með jafn miklum hraða víðs vegar um Ísland og menntaskólarnir áður. Menn og konur með hæstu háskólagráður í margvíslegum greinum streyma til landsins frá þeim háskólum sem mests álits njóta í heiminum, skólum eins og Harvard, Stanford og Columbia. Meirihluti þess unga fólks sem stýrir íslensku fjármála- og hátæknifyrirtækjunum, sem sum eru orðin meðal þeirra öflugustu á sínu sviði í heiminum, er menntað úr þessum skólum og það skýrir ekki síst velgengni íslenskra fyrirtækja á síðari árum.

Allt ber að sama brunni og er í anda hins framsýna unga pilts sem fæddist hér á þessum stað í lítilli baðstofu í torfbæ undir súð og fór stundum upp að Prestssæti og horfði yfir fjörðinn. Nú næstum því 200 árum síðar er hægt að fara inn í bæinn, kveikja á tölvu og horfa yfir allan heiminn. Er þetta ekki ævintýri líkast?

Gleðilega þjóðhátíð! Lifið heil!